

MÁLEFNA- OG SAMSTARFSSAMNINGUR

B-lista Framsóknar- og félagshyggjufólks og **D-lista Sjálfstæðisfélags Dalvíkurbyggðar og óháðra** um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn
Dalvíkurbyggðar kjörtímabilið 2018-2022.

Málefna- og samstarfssamningurinn tekur mið af stefnumálum beggja framboðanna í aðdraganda sveitarstjórarkosninganna 26.maí 2018.

Meirihluttinn leggur áherslu á ábyrga og nútímalega stjórnunarhætti sem miða að því að laða fram það besta í samfélaginu. Lagt er upp með að allir kjönnir fulltrúar vinni sem ein heild og sjónarmið allra séu virt og skoðuð. Áhersla er á gott samstarf og samráð við starfsfólk sveitarfélagsins. Mikilvægt er að áætlanir séu vandaðar og þeim fylgt. Aðhald í rekstri, ábyrgð og vönduð stjórnssýsla skal vera í öндvegi. Veitt er hátt þjónustustig og því skal viðhaldið. Fjölgun íbúa er langtímmamarkmið, að laða að nýtt fólk og halda í þann mannauð sem fyrir er. Umhverfismál og málefni Dalbæjar og eldri borgara verða áherslupunktar á kjörtímabilinu.

Verkaskipting og nefndarskipan verður með eftirfarandi hætti:

Forseti sveitarstjórnar: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson (D)
Formaður byggðarráðs: Jón Ingí Sveinsson (B)
Sveitarstjóri: Katrín Sigurjónsdóttir (B)

Jafnræði verður varðandi formennsku og skiptingu í nefndir og ráð á milli B-lista og D-lista. Leitast skal við að halda jafnræði í kynjaskiptingu í nefndum og ráðum. Samkomulag er milli listanna að varamenn séu kallaðir til þvert á samstarfslistana ef til kemur að það vantar fulltrúa frá öðrum listanum til að fullmanna fundi.

Formennska í helstu nefndum og ráðum:

Atvinnu- og kynningaráð, (D)
Fræðsluráð (D)
Íþróttu- og æskulýðsráð (D)
Umhverfisráð (D)
Veitu- og hafnaráð (B)
Landbúnaðarráð (B)
Félagsmálaráð (B)
Stjórn Dalbæjar (B)
Menningarráð (J)

Atvinnu- og kynningararmál

Stefnt er að fjölgun íbúa í Dalvíkurbyggð. Því verður lögð áhersla á kynningu á sveitarfélagini og að markaðssetja það sem einstakan búsetukost og vænlegt til atvinnurekstrar. Sveitarfélagið hafi frumkvæði að því að fyrirtæki hafi samráðsvettvang eins og atvinnumálaþing. Reynt verði að fá aukna starfsemi ríkisstofnana í sveitarfélagið að hluta eða heild. Í fjárhagsáætlun sé gert ráð fyrir að styrkja frumkvöðla í atvinnusköpun. Við aðalskipulag verði lögð áhersla á landrými og hentugar iðnaðarlóðir. Þá þarf að tryggja nægt framboð fjölbreyttra íbúðalóða.

Fræðslumál

Öllum börnum verði skapaðar bestu aðstæður til náms og þroska á jafnréttisgrundvelli. Áfram verði unnið eftir stefnu um skóla án aðgreiningar og gildandi skólastefnu hverju sinni með áherslu á uppbyggingarstefnuna, grænfánann, fjölmenningu og einstaklingsmiðað nám. Markmiðið er ávallt að skólar sveitarfélagsins séu framúrskarandi hver á sinn hátt og þeir njóti sérstöðu sinnar. Stoðþjónusta verði eflid með því að tryggja enn frekar aðgang að sálfræði-, talmeina- og fjölskylduráðgjöf. Leitað verði allra leiða til að börn fái leikskólapláss sem fyrst eftir að fæðingarorlofi lýkur. Haldið verði áfram góðu samstarfi við Fjallabyggð um Tónlistarskólann á Tröllaskaga.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Afram verið unnið að heilsueflandi Dalvíkurbyggð og lýðheilsu og forvörnum sinnt áfram af krafti. Lokið verði uppbyggingu á nýjum gervigrasvelli í samvinnu við UMFS samkvæmt áætlun og fundið svæði fyrir útiaefingatæki sem nýtast til heilsueflingar. Áfram verði stutt við starf íþróttafelaganna og uppbyggingu íþróttasvæða samkvæmt samkomulagi og langtímaáætlunum. Íþróttaiðkun barna verið áfram studd gegnum Aðskurækt. Víkurröst verði eflid sem alhliða tómstundarhús og starfsemi Félagsmiðstöðvar gert hærra undir höfði.

Umhverfis- og skipulagsmál

Umhverfismál skipa stóran sess á kjörtímabilinu. Gerð verði stefna í umhverfismálum fyrir sveitarfélagið. Endurskoðun á aðalskipulagi mun hefjast á íbúaþingi strax á fyrsta ári samstarfs. Þar þarf að hvetja til almennrar þátttöku íbúanna í að móta sveitarfélagið til framtíðar.

Gerð verði áætlun um átak í gerð göngustíga í Dalvíkurbyggð og bætt aðgengi að útvistarsvæðum. Áhersla er lögð á fegrún umhverfis, grisjun skógreita og hirðingu opinna svæða í góðu samstarfi við íbúasamtök á hverjum stað. Gert verði framtíðarskipulag fyrir fólkvanginn í Böggvisstaðafjalli.

Þrýst verði á Vegagerð ríkisins að sinna góðri vetrarþjónustu í öllu sveitarféluginu og að þeir geri langtímaáætlun um vegabætur í Svarfaðardal og Skíðadal.

Allar stofnanir hafi greiðan aðgang að viðgerðarmanni til daglegra verkefna og viðhalds, því leggjum við áherslu á að þjónustumiðstöð verði til.

Veitur og hafnir

Smávirkjanakostir verði skoðaðir áfram og bændur og aðrir landeigendur aðstoðaðir ef áhugi á virkjunum er fyrir hendi. Farið verði í rannsóknarboranir eftir heitu vatni með það að markmiði að stækka þjónustusvæði veitna. Á kjörtímabilinu verði komið upp 1. stigs hreinsistöð við öll útræsi fráveitu í Dalvíkurbyggð. Halda áfram með skipulag og framkvæmdir í höfnum sveitarfélagsins með áherslu á öryggi og gott aðgengi atvinnustarfsemi, íbúa og gesta. Haldið verði áfram uppbyggingu í kringum verbúðirnar á Dalvík og lagfært umhverfið frá ferjubryggju og að norðurgarði. Áfram verði unnið að endurbótum við hafnirnar á Árskógsströnd og svæðin í kringum þær gert aðgengilegra fyrir útvist. Lagfæringsar verði gerðar á gömlu bryggjunni á Hauganesi.

Landbúnaðarmál

Stutt verði við þá góðu atvinnustarfsemi sem fyrir er með góðri umgjörð um rekstur s.s. samkeppnishæf gjöld, framboð þjónustu og jöfnu þjónustustigi. Fylgt verði eftir bættri þjónustu á vegum og uppbyggingu vegakerfisins inní dölunum því að gott

VS KEK

þjónustustig vegakerfisins er ein af forsendum fyrir því að hverskonar atvinnustarfsssemi geti blómstrað til sveita.

Félagsmál

Stoðþjónusta sé byggð þannig upp að aldraðir, fatlaðir og öryrkjar geti búið sem lengst við eðlilegt heimilislíf og verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Áhersla sé lögð á fjölbreytta búsetukosti og heilsueflandi heimsóknir. Lögð er áhersla á atvinnu, tómstundir og iðju. Dalvíkurbyggð verði til fyrirmynadar í málefnum fatlaðra. Við skipulagsvinnu verði tryggt svæði við Dalbæ fyrir litlar íbúðir fyrir 60 ára og eldri þar sem íbúar gætu búið í eigin húsnæði.

Málefni Dalbæjar

Mótuð verði framtíðarsýn fyrir Dalbæ með áherslu á Dalbæ sem þjónustukjarna fyrir eldri borgara sem búa heima, til jafns við íbúa á Dalbæ. Gerð verði langtíma endurbótaáætlun um viðhald og nýframkvæmdir á Dalbæ og tryggð áfram gæðaþjónusta í vistlegu heimilisumhverfi.

Menningarmál

Í sveitarfélagini er gróskumikið og gott félags- og menningarstarf sem við viljum halda áfram að styðja vel við þar sem öflugt menningarlíf er mjög mikilvægur og auðgandi þáttur í hverju samfélagi.

Fjármál og stjórnsýsla

Sveitarfélagið hefur verið mjög vel rekið undanfarið og skilað góðri afkomu. Rétt er að íbúarnir njóti þess með lægri álögum þar sem því er viðkomið. Mótframlag sveitarfélagsins til skólamálíða grunnskólastigs verði hækkað í 50% við fyrstu fjárhagsáætlun og síðan endurskoðað við fjárhagsáætlun hvers árs. Strax á fyrsta ári hefjist vinna við að finna Gamla skóla framtíðarhlutverk í samráði við íbúa sveitarfélagsins.

Íbúar og lýðræði.

Við úrlausnir mála er áætlað að eiga samtöl við íbúana, hlusta, rökræða og leita alltaf farsælustu lausna. Stefnt er að því að halda almenna íbúafundi amk tvívar á ári. Nýta vel hugmyndir ungs fólks og ungmennaráðið verði vel virkt sveitarstjórn til ráðgjafar um æskulýðsstefnu og málefni ungs fólks í byggðarlaginu.

Samráðsvettvangur Byggðaráðs og Félags eldri borgara verði áfram virkur og lífsreynsla og þekking hinna eldri nýtt öllum til auðgunar. Lögð verði áhersla á að ná til íbúa af erlendum uppruna og nýbúa til að þeir aðlagist frekar samfélaginu og verði meiri þátttakendur í lífi og leik.

Að öðru leyti er vísað í stefnuskrár beggja framboðanna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 26.maí 2018.

Samkomulag þetta er staðfest með undirritun oddvita B og D lista.

Dalvík 31.maí 2018.

Katrín Sigurjónsdóttir (B)

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson (D)